

Fundargerð 12. Fundar stjórnar SSA haldinn 12. júní 2023

Fundurinn var haldinn í Miklagarði á Vopnafirði og hófst hann kl. 14:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Helgi Hlynur Ásgrímsson og Ragnar Sigurðsson boðuðu forföll í þeirra stað mættu varamennirnir Eyþór Stefánsson og Þórdís Mjöll Benediksdóttir.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins var Jóna Árný Þórðardóttir fyrrum framkvæmdastjóri Austurbrúar, undir 1. lið fulltrúar sveitarstjórnar á Vopnafirði og undir 2. lið Hilmar Gunnlaugsson lögfræðingur.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn

1. Fundur með fulltrúum Vopnafjarðarhrepps

Gestir fundarins undir þessum lið voru fulltrúar sveitastjórnar og sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps. Farið var yfir helstu málefni á vettvangi Vopnafjarðarhrepps m.a. áherslur í uppbyggingu innviða auk fleiri mála. Þá voru rædd ýmis málefni sem tengjast starfsemi sveitarfélaga almennt í dag. Farið yfir málefni á vettvangi Vopnafjarðarhrepps. Stjórn þakkaði fyrir góðan fund, gagnlegar og upplýsandi umræður. Bauð Vopnafjarðarhreppur þá upp á kaffiveitingar í framhaldi af fundi.

Tók þá við fundur stjórnar Austurbrúar til kl. 17:00 og í framhaldinu af þeim fundi voru aðrir dagskrárliðir sem tengjast dagskrá SSA framhaldið með stjórn SSA.

2. Fundargerð SSA nr. 11 (til samþykktar), fundargerð aðalfundar 2023 (til kynningar).

Fundargerð 11. fundar SSA var samþykkt og verða undirrituð rafrænt. Fundargerð Ársfundar var lögð fram til kynningar.

3. Almenningssamgöngur – stefnumálið.

Hilmar Gunnlaugsson lögmaður hjá Sókn kom inn á fundinn á Teams og fór yfir forsögu og stöðu málsins í dag.

4. Undirbúningur haustþings 2023

Dagskrá, tímasetning og fyrirkomulag Haustþings 2023 var rætt. Stefnt er að því að halda Haustþingið í Fljótsdalshreppi 7-8 september. Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning út frá því sem rætt var.

5. Aðrir fundir haustsins

Umræður stjórnar um dagskrá, tímasetningu og fyrirkomulag

6. Umsóknir í Minningarsjóð Ragnhildar og Stefáns

Umsóknir í sjóðinn voru kynntar á fundinum.

7. Mál til kynningar og umræðu eftir atvikum

- Umsagnarbeiðnir og starfsáætlun þingsins
- Þingið komið í sumarfrí
- Starfsáætlun þingsins 2023/2024

8. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- Málalisti í samráðsgátt

9. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur nr.556, 557, 558, 559
- SSV, aðalfundur
- SSNV, 94, 95
- SASS, fundur nr. 595
- Sambandið (fundur nr. 922,923,924,925,926,927,928 í viðhengi)
- Stýrihópur um byggðamál, fundur nr. 88, 89,
- VÍN – bréf - til kynningar
- Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála – bréf – til kynningar
- Samráðsfundur um nýja reglugerð – náttúruhamfaratryggngar – bréf – til kynningar
- Fundur vefnum 19. Júní – heimsmarkið – bréf – til kynningar
- Velsældarþing – bréf – til kynninga

Ekki fleiri mál fundi slitið kl. 18:00